

Auglýsing um fólkvang í Óslandi.

Að tillögu hreppsnefndar Hafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að lýsa vesturhluta Óslands í Hafnarkauptúni fólkvang samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

*Mörk fólkvangsins eru þessi:*

Að austan bein lína sem dregin er þvert ofan við Útsýnishól í 70 metra fjarlægð frá rótum og samsíða austurhlið hans í sjó fram í báðar áttir. Að sunnan og norðan strandlengjan, fjörur og leirur niður með Óslandinu að tangaodda. Að vestan ystu mörk Óslandstanga er gengur í sjó fram, þ. e. í straumál er liggur úr Hornafirði til Óss.

*Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði:*

1. Gangandi fólki er heimil för um fólkvanginn. Umferð ökutækja er þar aðeins heimil á vegi að útsýnisstað og bátalægi en hvergi þess utan.
2. Öllum er skylt að ganga vel um fólkvangslandið. Varast ber að spilla gróðri og valda óþarfa truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska föstum bergmyndunum. Bönnuð er meðferð skotvopna á svæðinu og undan strönd þess nema til eyðingar meindýra samkvæmt ákvörðun stjórnar fólkvangsins.
3. Uppsátur báta verður áfram við steinbryggju og í næsta nágrenni norðaustan megin. Stjórn fólkvangsins getur, ef nauðsyn krefur, ákveðið hámarksfjölda báta er þar hafa aðstöðu. Skýli og geymslur og annað, sem slíkum umsvifum fylgir, skal byggt eftir skipulagi sem stjórn fólkvangsins lætur gera. Smábátaeigendum er skylt að fara að fyrirætlum um umgengni, ella teljast þeir hafa fyrirgert rétti sínum og má þá vísa þeim af svæðinu með útgerð sína.
4. Bannað er að beita búpeningi á fólkvangslandið.
5. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt innan fólkvangsins nema það sem er tiltekið í 3. gr.
6. Stjórn fólkvangsins skal m. a. gangast fyrir því að bætt verði úr spjöllum sem þar hafa verið unnin. Stjórninni er og heimilt að láta fjarlægja mannvirki sem eru á svæðinu og hún telur til lýta. Ennfremur að merkja og lagfæra gangstíga og setja upp girðingar til verndar svæðinu.

Stjórn fólkvangsins er í höndum þriggja manna. Hreppsnefnd Hafnarhrepps tilnefnir einn mann, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu einn og umhverfisnefnd Hafnar tilnefnir þriðja manninn sem jafnframt er formaður. Nefndin starfar á milli sveitarstjórnarkosninga.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 26. maí 1982.

Ingvar Gíslason.

---

Birgir Thorlacius